

Um ósakhæft geðsjúkt fólk á Íslandi

Grein þessi er skrifuð í tilefni af því að þrátt fyrir mikinn þrýsting heilbrigðisyfirvalda, er miklum erfiðleikum bundið að sjá geðsjúku fólki, er dæmt hefur verið í öryggisgæslu, fyrir sómasamlegri vist hér á landi.

Eina hælið er þeim býðst er fangelsi. Iðulega berast neyðar-óp sjúklinga og aðstandenda, kvartanir lækna og lögreglu til landlæknisembættisins, ráðuneyta og annarra aðila vegna aðbúnaðar þessa fólks. Læknar eru yfirleitt samdóma um að þetta

fólk sé mjög sjúkt á gæði og þarfnist því öðru fremur gæslu á góðu sjúkrahúsi. Þessir sjúklingar þjáast m.a. af eftirtöldum sjúkdómum:

Geðklofa (schizophrenia)
Heilarýrnun m.a. vegna drykkjuþykki.
Geðvillu (skapgerðar) (psykopathía).
Greindarskort.

Án efa má þó veita þessum sjúklingum verulega hjálp, ef þeir fá meðferð hæfra lækna, sálfræðinga og annarra fagmanna á góðum sjúkradeildum. Í fangelsum er andrúmsloftið ekki hið sama og á sjúkrahúsum, auk þess sem illmögulegt er að veita stöðuga og góða hjúkrun eða lækningu þar. Sumir þessara sjúklinga eru mjög illa á sig komnir og þurfa sífella gæslu. Í reynd er umönnun okkar fólgin í því að geyma þessa sjúklinga í fangelsum eða senda þá til nágrannalanda með ærinni fyrirhöfn fyrir sjúklinga, vandamenn og þjóðfélagið. Norrænar nágrannaþjóðir hafa skotið skjólshúsi yfir þetta fólk, en nú er í flest skjól fokið þar vegna skorts á vistrými.

Þetta er ritað m.a. af því að einn þessara sjúklinga er dvalist hefur á erlendu sjúkrahúsi, er álitinn hafa náð góðum bata, og er því óskað eftir að honum verði búið vist á íslensku sjúkrahúsi. Læknar hans taka jafnframt fram að fangelsisvist geti haft orlagaríkar afleiðingar í för með sér fyrir sjúkling.

Íslensk yfirvöld hafa svarað bréfum sjúklings og lækna og hafa ekki annað að bjóða fram en vist í fangelsi. Heilbrigðisyfirvöld í viðkomandi landi hafa skotið skjólshúsi yfir hann áfram er þeim varð kunnugt um valkosti.

Mjög sjúkt fólk, sem þjáist af líkamlegum sjúkdómum, er oft vistað á gjörgæsludeildum bestu sjúkrahúsa. Þessar deildir eru dýrar í rekstri, enda þarf þar bæði vel þjálfað hjúkrunarlið og flókin tæki til þess að annast þessa sjúklinga. Geðsjúklingar þeir, sem ég geri hér að umræðuefni, má með sanni nefna **gjörgæslusjúklinga geðsjúkrahúsa**. Vist þeirra í fangelsum er með

öllu ósæmandi þjóð, sem býr við þann kost, er við gerum. Í mannúðarlegu og læknisfræðilegu tilliti er þessi meðferð ekki viðunandi. Á Íslandi eru rúmlega 16 sjúkrarúm fyrir 1000 íbúa, eða fleiri en þekkest víða í Vestur-Evrópu, og læknaþjöldi er einn á 560 íbúa. Fjöldi þessa ólánssama fólks er 1–2 á ári og er því vart hægt að bera við plássleysi.

Ég legg því til að þessir sjúklingar fái framvegis þá umönnun, er þeim ber, og að þeim verði undanbragðalaust búinn staður á geðdeildum eða þá í vel búnu hús-næði í nánum tengslum við þær.

Nú hafa verið lagðar fram áætlanir um nýbyggingar á fangelsum. Því ber að fagna, en vitaskuld verður nokkurra ára bið þá til þær byggingar sjá dagsins ljós. Trúlega höfum við meiri þörf fyrir sjúkrahæli en fangelsi fyrir fólk það er dvelst í fangelsum okkar í dag. Ég tel mjög brýnt að nú þegar verði útvegað heppilegt hús fyrir ofanefnda sjúklinga.

Ólafur Ólafsson,
landlæknir.